



ÁLFHÓLSSKÓLI

Lærdómssamfélag

Starfsþróun, umbætur og sjálfsmat

Efnisyfirlit

1 Inngangur	4
2 Álfhólsskóli	5
3 Starfsþróun og umbætur	7
3.1. Starfsþróunar- og umbótaáætlun	11
4 Mat á skólastarfi	16
4.1 Tilgangur og markmið matsins	16
4.2 Matsteymi	17
5 Fræðileg umfjöllun	18
5.1 Ytra mat og áhrif þess á innra mat	18
5.2 Nálganir	18
6 Aðgerðir og framkvæmd	20
6.1 Sjálfsmatsáætlun	21
6.2 Sérverkefni skóla	22

6.3 Aðrar kannanir	22
6.4 Skimanir stoðþjónustu	23
7 Lokaorð	25
Heimildaskrá	26

1 Inngangur

Í áætlun þessari, Lærdómssamfélag: sjálfsmat, starfsþróun og umbætur, er greint frá því hvernig sjálfsmati verður háttað í Álfhólsskóla og hvaða starfsþróun og umbætur eru áætlaðar haustið 2022 til vors 2025. Tilgangur matsins er að leggja grunn að sívirku umbótasamstarfi í skólanum, greina þarfir hans fyrir breytingar og umbætur með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Markmiðið er að styrkja innviði starfsins, draga fram það sem vel er gert og benda á það sem betur má fara (Sigurlína Davíðsdóttir o.f., 2011, bls. 7).

Samkvæmt lögum um grunnskóla (91/2008) ber hverjum skóla að meta starfið með kerfisbundnum hætti, í 36. grein stendur:

- Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.
- Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Samkvæmt 35. grein er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- A. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- B. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- C. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- D. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Það er því að mörgu að hyggja við gerð sjálfsmatsáætlunar og brýnt að vanda verkið. Í þessari áætlun verður lögð áhersla á að uppfylla þau markmið sem sett eru skv. lögum og reglugerðum en einnig verður horft til þátta sem matsfræðin leggja áherslu á. Þessu til viðbótar verður horft til viðmiðunarlista vegna ytra mats skóla sem unnið er af Námsmatsstofnun fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í fyrsta kafla má finna kynningu á Álfhólsskóla. Í öðrum kafla eru upplýsingar um markmið og tilgang matsins svo og matsteymið. Í þriðja kafla er rætt um áhrif ytra mats á sjálfsmat skólans, kenningar og nálganir. Í fjórða kafla segir frá sjálfsmatinu. Fimmti kafla greinir frá aðferðum og framkvæmd, grunni að sjálfsmatsáætlun, öðrum matsverkefnum o.fl. Aftast má finna lokaorð. Í viðauka við sjálfsmatsáætlunina er að finna ítarlega lýsingu á grunni sjálfsmatsáætlunarinnar auk fylgiskjala.

2 Álfhólsskóli

Álfhólsskóli er heildstæður grunnskóli staðsettur í grónu hverfi í austurbæ Kópavogs og í göngufæri við Kópavogs- og Fossvogsdal. Skólinn starfar í tveimur húsum, í Digranesi (Álfhólsvegur 100) fyrir nemendur í 1. – 4. bekk og í Hjalla (Álfhólsvegur 120) fyrir nemendur í 5. – 10. bekk. Skólinn hefur auk þess afnot af íþróttahúsi HK og þar hefur Álfhóll frístund skólans fyrir nemendur frá 1. – 4. bekk einnig verið til húsa. Skólinn byggir á langri hefð fyrir framsæknu og árangursríku skólastarfi þar sem áhersla hefur verið lögð á þátttöku í margs konar þróunarverkefnum. Í skólanum er öflugt sérkennsluver, námsver fyrir einhverfa nemendur og alþjóðaver. Í Álfhólsskóla er skapandi starf með fjölbreyttum kennsluháttum og nám við hæfi hvers og eins óháð menningarlegum bakgrunni.

Hlutverk

Hlutverk Álfhólsskóla er að búa nemendur undir þátttöku í lýðræðissamfélagi í námsumhverfi sem stuðlar að sjálfstæði og þroska einstaklingsins.

Gildi

Álfhólsskóli hefur þrjú megingildi að leiðarljósi: **Menntun – Sjálfstæði - Ánægja**

Menntun

Í Álfhólsskóla er skapandi starf með fjölbreyttum kennsluháttum og nám við hæfi hvers og eins óháð menningarlegum bakgrunni.

Sjálfstæði

Í Álfhólsskóla er lögð áhersla á að nemendur séu sjálfstæðir, sýni frumkvæði, ábyrgð og setji sér raunhæf markmið.

Ánægja

Í Álfhólsskóla er skólabragur sem einkennist af ánægju, leik og vellíðan.

Framtíðarsýn

Álfhólsskóli verður meðal fremstu grunnskóla landsins.

Álfhólsskóli tekur vel á móti öllum nemendum og einsetur sér að útskrifa fróðleiksfúsa, virka og ánægða þjóðfélagsþegna með trú á eigin hæfileika og getu.

Samskipti heimila og skóla eru góð og einkennast af gagnkvæmri virðingu.

Í Álfhólsskóla starfar samhentur hópur áhugasamra og hæfileikaríkra starfsmanna með fjölbreytta og faglega þekkingu.


- Álfhólsskóli tryggir að öllum nemendum líði vel jafnt í leik og starfi. Þeir fá kennslu við hæfi hvers og eins og náí hámarksárangri miðað við færni og getu. Nemendur verði ábyrgir, sjálfstæðir í vinnubrögðum og öðlist jákvæða sjálfsmynd.
- Álfhólsskóli leggur áherslu á gott samstarf foreldra, nemenda og starfsfólks. Skólinn veitir faglega þjónustu og er með virkt og vel skipulagt stoðkerfi. Foreldrar eru ávallt velkomnir í Álfhólsskóla til að kynna sér innra starf hans. Skólinn veitir góðar upplýsingar um starfið.
- Álfhólsskóli leggur áherslu á að efla læsi, lestur og samvinnu nemenda þvert á árgang og stig í gegnum öflugra teymiskennslu og frjótt lærdómsumhverfi fyrir kennara. Samvinna kennara í teymi er góð fyrirmynd fyrir nemendur.
- Álfhólsskóli veitir starfsmönnum sínum góða starfsaðstöðu, gott vinnuumhverfi og hvatningu í starfi. Skólinn tryggir starfsmönnum sínum tækifæri til starfsþróunar og endurmenntunar. Álfhólsskóli er vinnustaður þar sem ríkir góður starfsandi, byggður á mikilli samvinnu og upplýsingamiðlun starfsfólks.
- Álfhólsskóli leggur áherslu á gott samstarf við skóla, félög og stofnanir. Skólinn er umhverfisvænn skóli sem starfar í anda Grænánans og sjálfbærrar þróunar. Álfhólsskóli er fyrirmynd annarra skóla í Kópavogi varðandi vistvæna starfshætti og umhverfisvernd.

3 Starfsþróun og umbætur

Miklar breytingar hafa átt sér stað í grunnskólum á síðustu árum eða áratugum. Má þar nefna samfélagsbreytingar og mikil þróun tækninnar. Hafa þessar breytingar áhrif á skólakerfið, nám nemenda og störf kennara. Gerðar hafa verið auknar kröfur til skólanna og er þeim ætlað að sinna mjög mörgum og fjölbreyttum hlutverkefnum. Einnig á skólinn að vera fyrir alla, hann á að efla færni og þroska nemenda og veita góða menntun í samræmi við nútímasamfélag. Mikil umræða hefur verið um menntun kennara, faglega ábyrgð þeirra og starfsþróun. Mikil og öflug starfsþróun kennara er grundvöllur góðrar skólaþróunar. Í Aðalnámsskrá grunnskóla (2011) segir: „Skólaþróun er skipuleg, markviss og stöðug viðleitni til umbóta í skólum. Skólaþróun hefur hag barna að leiðarljósi.“ (bls.63). Með þessu er átt við að leggja þarf áherslu á að styrkja innra starf skólans og gera skólann hæfari að takast á við breytingar.

Rannsóknir sýna að kennarar telja að fyrirlestrar, ráðstefnur og vinnustofur um nám og kennslu verði ekki alltaf til þess að þeir þrói eða breyti starfsháttum sínum, sama hversu góðar eða áhugaverðar sem þær eru (Darling-Hammond, L., Wei, R. C. Andree, A. Richardson, N. og Orpjanos, S., 2009; Webster-Wirght, 2009). Til þess að starfsþróun kennara skili árangri er nauðsynlegt að hafa í huga eftirfarandi þætti sem spila saman og hafa áhrif á sambandið á milli starfsþróunar og námsárangur nemenda þegar starfsþróun er skipulögð.

1. **Samhengi.** Hver? Hvenær? Hvers vegna? Snýr að kennaranum sjálfum, hvar hann vinnur og hvaða nemendur hann er með. **Innihald.** Hvað? Snýr að nýju þekkingunni, hæfninni og skilningnum sem áætlað er að kennarinn nemi. **Ferli.** Hvernig? Snýr að því hvernig og hvar starfsþróun fer fram, hvernig hún er skipulögð, numin og hvernig henni er fylgt eftir.
2. Kennarar taka virkan þátt í starfsþróun sinni og þeir eru hafðir í samráði um skipulag og inntak skólaþróunar.
3. Starfsþróun eflir þekkingu, hæfni og viðhorf kennaranna. Hún verður að fela í sér einhverja þróun.
4. Kennarar nota nýja þekkingu, hæfni og viðhorf til þess að bæta kennslu sína, hugsun og hugmyndafræði um nám og kennslu. Nýjar aðferðir eru ígrundaðar einstaklingslega og í hóp.
5. Starfsþróunin og breytingarnar séu nemendum til hagsbóta. Breyttur eða bættur námsárangur þjónar tilgangi sem endurgjöf til kennara um breytta starfshætti og er nýttur til frekari starfsþróunar. Námsárangur nemenda í kjölfar starfsþróunar getur verið úrslitaatriði um það hvort breyttir starfshættir haldi sér eður ei (Murrey, 2014).



Mynd 1.1. Fræðilegt líkan um Starfsþróun kennara (Murrey, 2014).

Frá því að Álfhólsskóli var stofnaður haustið 2010 hafa starfshættir skólans verið í stöðugri mótun. Í allri skólaþróun Álfhólsskóla er tekið mið af leiðarljósi og stefnu skólans þar sem áhersla er á einstaklingsmiðun og fjölbreytta kennsluhætti. Þau skólaþróunarverkefni sem skólinn hefur verið að vinna að miðast allt við að gera gott skólastarf betra með hagsmuni nemenda að leiðarljósi og byggir á niðurstöðum heildarmats Álfhólsskóla. Lögð er áhersla á að hún byggir ofan á þá þekkingu, færni og viðhorfum sem mannauðurinn býr nú þegar yfir. Nauðsynlegt er að skapa aðstæður og tækifæri til starfsþróunar innan vinnustaðarins og gefa kennurum færi á að ígrunda og ræða starfsþróun og áhrif hennar á líðan, gildi og vinnuhætti (Rúnar Sigbórsson, 2004). Verkefni eru flokkuð undir ákveðin þátt í skólastarfinu. Sett eru markmið, hvaða tíma því er ætlað og hvenær ársins það fer fram, með hvaða mælikvarða er ætlunin að meta það, hvenær það er mælt, viðmið og hverjir bera ábyrgð á verkefninu. Starfsþróunar og umbótaáætlun Álfhólsskóla og úrvinnsla úr innra og ytra mati á skólanum er grunnur að símenntunaráætlun skólans. En hún er einn mikilvægasti þáttur að að þróa og efla skólastarfið.

Lærdómssamfélag byggir á því að meðlimir læra hver af öðrum og hver með öðrum í viðleitni sinni til að ná sífelldu betri árangri í samræmi við breyttar áherslur hverju sinni. Styrking lærdómssamfélagsins er árangursrík leið í starfsþróun kennara sem styrkir jafnframt forsendur skólans til stöðugra umbóta og aukins árangurs (Harris og Jones, 2010).

Einkenni lærdómssamfélags, sem skarast innbyrðis og hafa áhrif hvert á annað eru:

- Dreifð og styðjandi forysta.
- Sameiginleg gildi og framtíðarsýn.
- Faglegt samstarf, starfsþróun og gagnvirkt nám.
- Menning sem styður við samstarf.
- Skipulag starfs og vinnuvenjur.

(Anna Kristín Sigurðardóttir, 2013).

Teymiskennsla er veigamikill þáttur í skólamenningu sem styður við lærdómssamfélag. Hún eflir liðsheild, veitir kennurum stuðning og tækifæri til að þróa nýjar aðferðir og leita lausna með faglegri umræðu sín á milli. Nemendur fá tækifæri til að kynna fleiri viðhorfum, vinna með fleirum auk þess sem mismunandi aðferðir ólíkra kennara henta ólíkum nemendum. Samvinna kennara í teymi er enn fremur góð fyrirmynd fyrir nemendur (Goetz, 2000). Einstaklingar í teymi eru ekki einungis að miðla eða ráðfæra sig hver við annan heldur eru þeir sameiginlega að leita betri og árangursríkari leiða í námi og kennslu (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2008). Teymiskennsla krefst skipulags þar sem gert er ráð fyrir sameiginlegri ábyrgð kennara á nemendahópnum sem getur skapað frjótt lærdómsumhverfi fyrir kennara. Samvinna kennara í teymi er enn fremur góð fyrirmynd fyrir nemendur (Goetz, 2000; Hargreaves, 2001).

Með breyttum áherslum í samfélaginu beinast áherslur skólastarfsins í síauknu mæli að samskipta og samvinnufærni nemenda meðfram áherslum á námsmarkmið. Með samvinnunámi fá nemendur tækifæri til þess að vinna saman í litlum hópum að sameiginlegum námsmarkmiðum sínum um leið og þeir efla samskiptafærni sína og samvinnu (Kagan og Kagan, 2009). Lögð er áhersla á að allir meðlimir í hópnum fái sem mest út úr náminu, leysi verkefni þannig að allir skilji, meðtaki og leggi sitt að mörkum, beri sameiginlega ábyrgð á verkefninu og hljóti sömu örlög í lokin (Johnson o.fl. 1990). Rannsóknir sýna að með samvinnunámi er meðalnámsárangur nemenda betri, rökhugsun öflugri, meiri afköst og árangur í námi. Auk þess verða nemendur í samvinnunámi uppspretta upplýsinga fyrir aðra nemendur um leið og þeir taka þátt í samræðum og rökræðum (Shachar, 2003).

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (2011) ber kennurum að leitast við að finna hvað nemandinn getur og setja matsverkefni þannig fram að nemandinn geti sýnt þekkingu sína og hæfni. Nám nemandans ætti alltaf að miðast út frá því hvaða hæfni nemandinn á að tileinka sér hverju sinni. Jafnframt skal leggja áherslu á leiðsagnarmat eða leiðsagnarnám sem byggist á því að nemendur velti reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum, til að nálgast eigin markmið og ákveða hvert skal stefna. Áríðandi er að nemendum sé ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar í matinu. Námsmat í hæfnimiðuðu

leiðsagnarnámi hefur þann megin tilgang að veita nemendum endurgjöf og finna leiðir til þess að þeir geti bætt árangur sinn á grundvelli matsins. Mikilvægt er að nemendur taki sjálfir virkan þátt í matinu með ígrundun um stöðu sína í námi jafnframt sem kennarar þurfa að laga kennslu að niðurstöðum mats. Áriðandi er að hafa í huga að áherslan í leiðsagnarmati eru ákvarðanirnar sem eru teknar í kjölfar námsmats (Black og Williams, 2009).

Rannsóknir sýna að faglegt lærdómssamfélag hefur jákvæð áhrif á árangur nemenda í gegnum jákvæð áhrif á þekkingu, hæfni og viðhorf kennara (Hallinger og Heck, 2010; Hofman og Bosker, 2011; Anna Kristín Sigurðardóttir, 2010; Burns, o.fl. 2017). Til þess að efla stöðu sína sem lærdómssamfélag, auka fjölbreytta kennsluhætti og styðja við faglegt samstarf og sameiginlega ábyrgð stefnir Álfhólsskóli á að innleiða teymiskennslu og samvinnunám. Skólinn er þegar farinn af stað í þessa vegferð. Nemendum í 1. og 2.bekk er ekki skipt í bekkjardeildir heldur vinna fimm umsjónarkennarar og einn stundakennari með árgangana og skipta nemendum í vinnuhópa eftir þörfum hverju sinni. Þar kemur einnig inn stuðningur frá sérkennsluveri og alþjóðanámsveri. Í 3.-10.bekk geta nemendur flætt á milli hópa og kennara í einstaka námsgreinum innan árgangs. Í Álfhólsskóla notast nemendur við samvinnunám í hinum ýmsu verkefnum þvert á námsgreinar, t.d. lokaverkefni 10.bekkar, vinnum saman dagar o.fl.

Lestrarfærni er undirstaða almennrar menntunar og nauðsynleg til virkrar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Lestrarkennsla og lestrarþjálfun er því óaðskiljanlegur hluti skólastarfsins allan grunnskólann. Í árangursríku lærdómssamfélagi eru skýr markmið og tilgangur með öllum skimunum og upplýsingaöflun og áætlun um eftirfylgni. Álfhólsskóli hefur sett sér læsisstefnu í samræmi við aðalnámskrá og skólastefnu sveitafélaga (Hvítbók um umbætur í menntun, 2014). Læsisstefnan er í stöðugri þróun og endurskoðun. Sem liður í því að efla læsi og lestrarfærni nemenda í Álfhólsskóla verður árin 2022-2025 lögð áhersla á að auðga þekkingu og færni kennara á hinum ýmsu lestrarkennsluaðferðum og um leið efla snemmtæka íhlutun og eftirfylgni við mat og skimanir.

Í kjölfar ytri úttektar á starfi skólans sem og innleiðingar á hæfnimiðuðu námi og námsmati hefur áhersla stjórnenda verið á að auka fjölbreytni í kennsluháttum og nýrri nálgun í kennslu og námi nemenda í samræmi við aðalnámskrá. Undanfarin ár og misseri hafa verið sett af stað ýmiss verkefni og tilraunir með hæfnimiðuð nám í gegnum samþættingarverkefni og teymiskennslu innan skólans. Þessi verkefni eru víða komin vel á veg og ástæða til þess að horfa til næstu skrefa. Leiðsagnarnám fellur mjög vel að og styður við hæfnimiðuð nám, samvinnunám og teymiskennslu. Árin 2022-2025 verður lögð áhersla á að fræðslu og markviss skref til þess að innleiða leiðsagnarnám í Álfhólsskóla, auk þess sem lagt verður upp með markvissa eftirfylgni stjórnenda við innleiðingu teymiskennslu og leiðsagnarnáms. Með þessu móti verður áfram lagður grunnur að því að efla skólans sem lærdómssamfélag.

3.1. Starfsþróunar- og umbótaáætlun

Sett fram áætlun um starfsþróun og umbætur til ársins 2025.

Leiðarljós:

Álfhólsskóli tryggir að öllum nemendum líði vel jafnt í leik og starfi. Þeir fá kennslu við hæfi hvers og eins og nái hámarksárangri miðað við færni og getu. Nemendur verði ábyrgir, sjálfstæðir í vinnubrögðum og öðlist jákvæða sjálfsmynd. Meginmarkmiðið er að efla læsi, lestur og samvinnu nemenda þvert á árgang og stig í gegnum teymiskennslu, þemanám, leiðsagnarmat og frjótt lærdómsumhverfi fyrir kennara. Samvinna kennara í teymi er enn fremur góð fyrirmynd fyrir nemendur.

Starfsþróunar- og umbótaáætlun

Matsþættir	Undirmarkmið	Leiðir	Tími	Matsleiðir og gögn	Viðmið um gæði
Fagleg forysta	Dreifð, kennslufræðileg og styðjandi forysta.	Stjórnendur sækja sér endurmenntun. Kennarar fá reglulega handleiðslu og leiðsögn við innleiðingu á teymiskennslu og hæfnimiðuðu námi fyrsta misserið og síðan reglulega eftirfylgd í a.m.k. eitt skólaár. Stjórnendur fylgist með kennslu a.m.k. einu sinni á ári og veiti leiðsögn og endurgjöf. Stjórnendur sitji reglulega samráðfundi kennara og sinni teymisstjórn.	Kópavogsbær bíður upp á áframhaldandi endurmenntun fyrir stjórnendur um teymisstjórn haustið 2022. Stjórnendur sífellt að sækja sér ýmsa endurmenntun á eigin vegum, t.d. með námskeiðum, fyrirlesturum og lestri greina.	Skólalæsi, rýnihópar og reglulegar kannanir innan skólans. Stjórnendur fylgjast með kennslu a.m.k. einu sinni yfir skólaárið, veita leiðsögn og endurgjöf.	Traust og gagnkvæm virðing milli stjórnenda og starfsfólks skv. könnunum, starfsmannaviðtölum og rýnihópum.

<p>Stefnumótun og skipulag</p>	<p>Stundatöflur eru viðmiðunarrámi en ekki dagleg tímastýring.</p> <p>Sameiginleg gildi og framtíðarsýn.</p>	<p>Kennarateymi skipuleggja stundatöflur árgangsins í þemavikum í samvinnu við stjórnendur.</p> <p>Sérkennarar komi inn í kennsluna og skipulagið með árgangateymum á yngsta-, mið- og elsta stigi.</p> <p>Stefnumótun og markmiðasetning kennarateyma undir handleiðslu stjórnenda.</p> <p>Skipurit, næsti yfirmaður, hlutverk og ábyrgðarsvið gert mjög skýrt í starfsmannahandbók.</p>	<p>Skipulagsdagar vor og haust árlega.</p> <p>Vikulegir teymisfundir á skólaárinu, oftast eftir þörfum.</p> <p>Stefnumótunardagur að vori hvert ár.</p> <p>Starfsmannahandbók uppfærð að hausti.</p>	<p>Stundatöflur, námslotur og námsáætlanir nemenda.</p> <p>Starfsmannaviðtöl, rýnihópar og kannanir á skólaárinu.</p> <p>Skólapúls.</p>	<p>Sveigjanleiki nemenda til að hliðra til (velja) í dagskipulagi hvernar viku eftir þörfum hvers og eins.</p> <p>Fagleg umræða í starfsmannahópnum út frá sameiginlegum gildum og framtíðarsýn.</p> <p>Hlutverk, næsti yfirmaður og ábyrgðarsvið öllum skýrt skv. starfsmannakönnun Skólapúls.</p>
<p>Samskipti heimilis og skóla</p>	<p>Gott samstarf og samskipti milli heimilis og skóla.</p>	<p>Stefna og þróunarstarf foreldrum vel kynnt foreldrum.</p> <p>Námskeið og kynningarfundir fyrir foreldra um lestur, Mentor og námsmat.</p> <p>Stefnumótunardagur. Skólaráð.</p> <p>Góð samvinna skóla við foreldrafélag um fræðsluerindi og viðburði.</p> <p>Vorhátíð foreldrafélags í</p>	<p>Kynning á starfi og stefnu skólans að hausti á hverju ári.</p> <p>Samráðsdagar í október og febrúar ár hvert.</p> <p>Kynningar- og fræðslufundir fyrir foreldra að hausti ár hvert.</p> <p>Morgunfundir foreldra með stjórnendum.</p> <p>Stefnumótunardagur að vori ár hvert.</p> <p>Skólaráð fundar reglulega.</p>	<p>Skólapúls og reglulegar kannanir innan skólans.</p> <p>Samráðsdagar.</p>	<p>Regluleg og góð samskipti heimilis og skóla skv. könnunum og Skólapúls.</p> <p>Góð skil á heimalestri.</p>

<p>Nám og kennsla</p>		<p>samvinnu við skólann. Vikupóstar kennara. Miðlar uppfærðir reglulega.</p>			
	<p>Öflug teymiskennsla og markvisst samstarf sérkennara, faggreinakennara og umsjónarkennara.</p>	<p>Tækifæri til faglegrar umræðu á fagfundum um kennslu sem byggir á hæfnimiðuðu námi.</p>	<p>Vikulegir teymisfundir, oftast eftir þörfum. Kennurum boðið upp á fræðslufund og kynningar um leiðsagnarnám, TEACCH og einhverfu árið 2023-2024.</p>	<p>Mat stjórnenda og kennara á stöðu teymiskennslu á grundvelli matslista í lok hvers misseris.</p>	<p>Teymiskennsla í öllum árgöngum. Framfarir einstakra nemenda í námsmati skólans.</p>
	<p>Öflug lestrarkennsla og fjölbreyttar lestrarkennsluáðferðir í 1.-10.bekk.</p>	<p>Gagnvirkt nám starfsfólks, þ.e. starfsfólk lærir hvert af öðru og með hvert öðru.</p>	<p>Teymistjórar funda reglulega með kennarateymum yfir skólaárið.</p>	<p>Skólapúls og reglulegar kannanir innan skólans.</p>	<p>90% nemenda ná viðmiðum 1 í lestri við lok 4.bekkjar.</p>
	<p>Hæfnimiðað nám og kennsla.</p>	<p>Kennarar taka þátt í menntabúðum, segja sjálfir frá og hlusta á aðra.</p>	<p>Mánaðarlegar menntabúðir á skólaárinu.</p>	<p>Niðurstöður námsmats hvers árs.</p>	<p>Framfarir nemenda í lesfimiþrófum.</p>
	<p>Samþætt þemanám.</p>	<p>Kennarar og stjórnendur taka þátt í Utís online haustið 2022.</p>	<p>Mánudagar til menntunar. Uppskeruhátíð menntabúða árlega á skipulagsdögum í júní.</p>	<p>Rýnt í lesfimi niðurstöður ár hvert með kennurum.</p>	<p>Einstaklingsmiðað nám. Aðferðafræði TEACCH virk í námi og kennslu barna á einhverfurófi.</p>
	<p>Leiðsagnarnám.</p>	<p>Kolbrún Hrund frá jafnréttisskólanum með námskeið fyrir kennara haustið 2022.</p>	<p>Ýmis þróunarverkefni ár hvert.</p>		
<p>Árangursríkir og nemendamiðaðir fundir um einstaka nemendur og hópa reglulega yfir skólaárið.</p>	<p>Kennarar fá námskeið um leiðsagnarmat í stærðfræði að hausti 2022.</p>				

Aðferðafræði
TEACCH í kennslu
nemenda á
einhverfurófi.

Skóli fyrir alla og
nemendamiðað
nám.

Kennsluráðgjöf í stærðfræði
til kennara á yngsta og
miðstigi.

Kynningar og eftirfylgnifundir
um leiðsagnarnám.

Teymi starfsfólks um
innleiðingu leiðsagnarnáms
undir handleiðslu.

Ýmis þróunarverkefni t.d.
Lokaverkefni 10.bekkja,
spjaldtölvur í skólastarfi,
Bland í poka, Góður grunnur
o.fl.

Uppbrotsdagar, þ.e.,
þemadagar, heilsudagar o.fl.

Fræðsla og handleiðsla til
kennara um aðferðafræði
TEACCH í kennslu nemenda á
einhverfurófi.

Kynning og fræðsla fyrir alla
starfsmenn um
margbreytileika
einhverfunnar.

<p>Nemendur; Líðan, þátttaka og ábyrgð</p>	<p>Samvinnunám nemenda á öllum stigum.</p> <p>Nemendum líði vel, jafnt í leik og starfi.</p> <p>Aukið nemendalýðræði.</p> <p>Styðja við verndandi þætti sem sporna gegn áhættu hegðun ungmenna.</p>	<p>Nemendur á öllum stigum vinni reglulega þvert á umsjónarbekki og árganga. Vikulegir bekkjarfundir. Sértek vinna með ákveðna nemendahópa eftir þörfum. Nemendafulltrúar, nemendastjórn og skólaráð. Lausnateymi starfrækt. Farið af stað í það verkefni að verða UNICEF skóli. Markvissari eftirfylgni við forvarnarfræðslu.</p>	<p>Skólamenningarfundir að hausti ár hvert. ÖSE könnun og rýnihópar ár hvert. Unnið með tiltekna nemendahópa sérstaklega eftir þörfum. Skólapúls yfir allt skólaárið ár hvert. Samráðsviðtöl í október og febrúar ár hvert. Nemendafulltrúaráð ÖSE fundar mánaðarlega. Nemendastjórn unglíngastígs fundar vikulega. Skólaráð fundar reglulega. Innleiðing UNICEF skóla í samvinnu við Kópavogsbæ. Forvarnarfræðsla reglulega yfir skólaárið og tími gefinn til eftirfylgni og úrvinnslu strax í kjölfarið. Forvarnarteymi setur heildræna forvarnaráætlun fyrir skólann sem nær til allra aðila skólasamfélagsins, starfsfólks, nemenda og foreldra.</p>	<p>Skólapúls, rýnihópar og reglulegar kannanir innan skólans. Nemendaviðtöl. Samráðsdagar. Stefnumótunardagur. Rýnt í niðurstöður ungs fólks og lýðheilsurannsóknarinnar.</p>	<p>Samvinnunám þvert á árganga reglulegur viðburður í vikulegri vinnu nemenda. Aukin ábyrgð nemenda á eigin námi og meiri einstaklingsmiðun. Betri líðan skv. Skólapúlsi og reglulegum könnunum skólans. Dregið eftir úr áhættu hegðun ungmenna samkvæmt niðurstöðum Ungs fólks.</p>
---	---	--	--	---	--

<p>Mannauður, líðan og starfsandi</p>	<p>Starfsánægja og starfsandi góður. Starfsfólki líði vel í vinnunni. Hlutverk starfsmanna skýr í handbók. Nýjir kennarar fá leiðsögn leiðsögukennara. Starfsfólk fái leiðsögn og endurgjöf frá stjórnendum með markvissum hætti. Álfhólsskóli heilsueflandi skóli.</p>	<p>Unnið eftir móttökuáætlun um nýja starfsmenn. Nýir kennarar funda vikulega með leiðsögukennurum. Boðið upp á námskeið, ráðgjöf og leiðsögn í Mentor. Stjórnendur meta kennslu og gefa endurgjöf og leiðsögn a.m.k. einu sinni á ári. STÁL starfsmannafélag og ýmsir klúbbar starfræktir. Heilsuteymi bíður starfsfólki upp á þátttöku í hreyfingu og hlaupahópum í íþróttahúsinu Digranesi utan viðverutíma.</p>	<p>Starfsmannahandbók endurskoðuð og kynnt á hverju hausti. Móttökuáætlun virkjuð um leið og nýtt starfsfólk hefur störf. Nýjum kennurum úthlutað leiðsögukennara strax að hausti. Mentor námskeið fyrir kennara að hausti og vori ár hvert og leiðsögn jafnt og þétt yfir skólaárið. STÁL stendur fyrir upptökum og viðburðum reglulega yfir skólaárið.</p>	<p>Skólapúls, rýnihópar og reglulegar kannanir innan skólans. Starfsþróunarviðtöl. Starfsmannasamtöl.</p>	<p>Betri starfsandi, starfsánægja og jákvæð samskipti skv. Skólapúlsinum og reglulegum könnunum skólans. Aukin vellíðan starfsfólks skv. samtölum og innra mati skólans.</p>
<p>Sjálfbærni</p>	<p>Álfhólsskóli UNICEF skóli. Álfhólsskóli grænfána skóli. Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna fléttuð inn í allt skólastarf.</p>	<p>Réttindaráð Unicef virkt í Álfhólsskóla. Grænfánateymi virkt í Álfhólsskóla. Heimskaffi haldið árlega með nemendum og starfsfólki þar sem unnið er markviss með heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna og</p>	<p>Réttindaráð hittist einu sinni í mánuði. Réttindaráð nemenda, ÖSE, hittist a.m.k. einu sinni í mánuði, oftár á eldri stigum. Grænfánateymi fundar 4 sinnum á skólaári. Heimskaffi haldið á degi</p>	<p>Stöðumat Unicef ár hvert. Mat á kennslu. Starfsmannasamtöl, rýnihópar og kannanir.</p>	<p>Álfhólsskóli viðurkenndur réttindaskóli Unicef. Álfhólsskóli flaggar grænfánum á hverju vori.</p>

barnasáttmálann.

mannréttinda barna ár hvert.

4 Mat á skólastarfi

4.1 Tilgangur og markmið matsins

Rökin fyrir því að meta skólastarf er einkum af tvennum toga. Annars vegar er um að ræða utanaðkomandi hvata sem birtast í lögum og fyrirmælum stjórnvalda og hins vegar eru það innri hvatar, þ.e. löngun og þarfir starfsfólks, stjórnenda, foreldra og nemenda skólans til að gera gott skólastarf betra. Í leiðbeiningum um innra mat (Sigurlína Davíðsdóttir o.fl., 2011, bls. 7) sem teknar voru saman af frumkvæði íslenska matsfræðifélagsins kemur fram að tilgangur innra mats skóla sé tvenns konar. Í fyrsta lagi er horft til þess að þeim fjármunum sem settir eru í skólastarfið sé vel varið en auk þess gegnir matið því hlutverki að styðja við innviði starfsins og aðstoða starfsfólk við að gera það betra. Tilgangurinn er, eins og fram kom í inngangi, að leggja grunn að sívirku umbótastarfi í skólanum og greina þarfir hans fyrir breytingar og umbætur með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Skólastarf snýst fyrst og fremst að nemendum og fjölbreyttum árangri þeirra. Þess vegna er mjög mikilvægt að huga að öllum þáttum sem hafa áhrif á námsárangur.

Matsteymi setti haustið 2022 fram matsáætlun til ársins 2025. Matsþættir eru í samræmi við yfirmarkmið bæjarstjórnar Kópavogs sem unnin eru út frá heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (sjá:

<https://www.kopavogur.is/is/frettir-tilkynningar/heimsmarkmid-sameinudu-thjodanna-innleidd-i-kopavogi-1>).

Samkvæmt matsáætlun eru matsþættir innan eftirtaldrá viðfangsefna:

- Fagleg forysta
- Stefnumótun og skipulag
- Samskipti heimilis og skóla
- Nám og kennsla
- Nemendur, þátttaka, líðan og ábyrgð
- Mannauður, líðan og starfsandi
- Sjálfbærni

Það er ekki einungis horft til innra mats einnig er horft til ytra mats skólans. Skólinn nýtir kannanir sem gerðar eru af utanaðkomandi aðilum til að greina

stöðu og þarfir innan skólans og er það mikilvæg viðbót við innra matið. Til að meta ofangreinda þætti er því stuðst við ýmis gögn, t.d. niðurstöður frá Skólapúlsinum, kannanir á vegum teymisins Öll sem eitt, stefnumótunardaga, skólamenningarfundir, lesfimi, LOGOS greiningar, rafrænar starfsmannakannanir á vegum matsteymis, mat stjórnenda á kennslu (sjá gátlista í viðauka 3), rýnihópa starfsmanna og nemenda o.fl. Einnig má í viðauka 2 finna gátlista matsteymis um viðmið og vísbendingar um gæði í skólastarfi þar sem tekið er á ofangreindum þáttum.

4.2 Matsteymi

Í matsteymi Álfhólsskóla sitja 6 fulltrúar, skólastjóri auk fulltrúa annarra stjórnenda, kennara, starfsmanna, nemenda og foreldra. Upplýsingar um fulltrúa í matsteymi er að finna á vefsíðu skólans. Forsenda fyrir setu í matsteymi er að fulltrúar hafi áhuga á mati og sjái tilgang með því. Matsteymið þarf að koma sér saman um teymisstjóra, sem er einn af þessum sex fulltrúum. Fulltrúar í teyminu sitja í þrjú ár í senn. Lögð er áhersla á að ekki hætti allir í einu heldur sé tveimur fulltrúum skipt út árlega. Deildarstjóri UT aðstoðar við innra mat, fyrst og fremst með því að sjá um fyrirlögn nemendakönnunar Skólapúlsins.

Það er í verkahring teymisins að setja niður sjálfsmatsáætlun skólans. Einnig að fylgja eftir að farið sé eftir lögum og reglugerðum varðandi mat á skólastarfi. Teymið leggur áætlunina fyrir skólaráð þar sem sitja fulltrúar foreldra, nemenda og grenndarsamfélagsins og geta þeir gert athugasemdir við matsþætti og framkvæmd og eða komið með tillögur að nýjum matsþáttum.

Fulltrúar í teyminu skipta með sér verkum þegar kemur að matinu sjálfu og kynningu niðurstaðna fyrir starfsfólki, nemendum og foreldrum. Teymið tekur sjálft ákvarðanir varðandi skiptingu verka þar sem styrkleikar hvers meðlims skipta máli.

Siðareglur eru nauðsynlegar til þess að skapa matsaðilum siðferðilegan ramma til að starfa eftir. Siðareglum er ætlað að stuðla að faglegum og heiðarlegum vinnubrögðum. Matið tekur tillit til nemenda, foreldra svo og starfsmanna og því er mikilvægt að borin sé virðing fyrir öllum aðilum og niðurstöðum matsins. Teymið þarf að huga að eftirfarandi atriðum:

- Það noti kerfisbundnar aðferðir til að afla gagna í matinu.
- Það sé meðvitað um hugsanlega galla á þeim.
- Það vinni matið ævinlega samkvæmt bestu samvisku.
- Matið sé bæði heilsteypt og heiðarlegt þannig að tekið sé tillit til hagsmunaárekstra.
- Niðurstöður séu túlkaðar hógværliga.
- Borin sé virðing fyrir öllum þeim sem koma að matinu.
- Mismunandi aðstæður fólks séu virtar.

- Borin sé ábyrgð á almennri velferð, bæði þátttakenda og almennings (Sigurlína Davíðsdóttir, 2013, bls.151).

Síðareglur eru rifjaðar upp árlega.

5 Fræðileg umfjöllun

Í þessum kafla verður fjallað um ytra mat skólans, áherslur og viðmið sem sett hafa verið af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Viðmiðin hafa mikil áhrif á innra mat skólanna og væntanlega störf þeirra. Einnig verður fjallað um helstu kenningar og nálganir sem nýttar eru í mati skólans og þær útskýrðar.

5.1 Ytra mat og áhrif þess á innra mat

Í lögum um grunnskóla (nr.91/2008) og reglugerð um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald (nr.658/2009) er auk ákvæða um innra mat skóla að finna ákvæði um mat og eftirlit sveitarfélaga og Mennta- og menningarmálaráðuneytisins með skólastarfi.

Faghópur sem samanstóð af fulltrúum þessara aðila lagði til að ytra mat á grunnskólum myndi í fyrstu umferð ná til valdra þátta sem kalla mætti lykilþætti í umbótastarfi. Þrír þættir urðu fyrir valinu, stjórnun, nám og kennsla og innra mat skóla. Auk þess sem skólar geta óskað eftir að tiltekinn þáttur í starfi skólans verði metinn til viðbótar. Jafnframt eru sett fram skilgreind viðmið um gæði í skólastarfi. Þessi viðmið eru byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámsskrá grunnskóla.

Hluti ytra matsins fjallar um innra mat í grunnskóla, þar sem lagt er mat á framkvæmdina innan skólans og umbótastarfið í kjölfar matsins. Til þessara viðmiða er mikilvægt að horfa þegar unnið er að gerð sjálfsmatsáætlunar.

5.2 Nálganir

Við mat á skólastarfi er nauðsynlegt að notast við ólíkar matsleiðir. Ólíkar aðferðir við öflun gagna, greiningu, túlkun og skráningu niðurstaðna geta gefið matsaðilum víðtækari sýn og varpað skýrara ljósi á skólastarfið vegna fjölbreytni gagna og gagnasöfnunar. Við innra og ytra mat Álfhólsskóla er því notast við bæði eigindlegar og megindlegar aðferðir (Anna Ólafsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir, 2013).

Kostur megindlegra aðferða er að þær ná yfirleitt til stórs hóps og gefa möguleika á að draga ályktanir um heildina út frá viðkomandi úrtaki hverju sinni.

Niðurstöður eru tölfræðilegar, afdráttarlausar og tala sínu máli. Því er oftast auðvelt að setja sér viðmið sem flestir skilja. Aðferðin hentar einkum vel þegar markmiðið er að fá yfirlit yfir tiltekið svið, t.d. um viðhorf eða hegðunarmynstur. Í Skólapúlsinum er sem dæmi notast við meginlegar aðferðir til að afla gagna (Ragnheiður Harpa Arnardóttir, 2013). Skólapúlsinn sér um mælingar fyrir mjög marga skóla á landinu. Hann nýtir sér meginlegar rannsóknaraðferðir og gerir það vel. Eftir að Skólapúlsinn hóf mælingar þá geta skólar borið sig saman við aðra skóla og séð hvar þeir standa í samanburði við aðra skóla. Markmið mats á skólastarfi er þó fyrst og fremst að nýta niðurstöður sem þessar til þess að fá upplýsingar um það hvernig skólastarfið fer fram og hvernig hægt er að bæta það.


Kostur eigindlegra aðferða er að þær gefa færi á að grafast fyrir um hvaða merkingu eða skilning fólk leggur í ákveðna hluti. Tilgangurinn er ekki að alhæfa um heildina út frá niðurstöðum heldur fá dýpri innsýn í viðfangsefnið. Eigindlegar aðferðir gefa jafnframt dýrmæta möguleika á að spyrja nánar út í ákveðin atriði, málefni og upplifanir einstaklinga sem gæti varpað frekara ljósi á viðfangsefnið. Rýnihópar eru dæmi um eigindlega aðferð sem notast er við við innra mat (Sigríður Halldórsdóttir og Ragnheiður Harpa Arnardóttir, 2013).

Styrkleika beggja aðferða má samnýta á margbreytilegan hátt með blönduðum aðferðum meginlegra og eigindlegra aðferða, t.d. þegar spurningakönnun er lögð fyrir og svo rýnihópar strax í kjölfarið (Berliner, 2002).

Í sjálfsmatsskýrslunni er leitast við að hafa niðurstöður eins nákvæmar og hægt er. Niðurstöður geta þó verið trúnaðarmál eða erfitt að greina frá þeim, má þar nefna dæmi um niðurstöður úr nemendasamtölum og athugun á gæðum kennslu. Því koma nákvæmar niðurstöður ekki fram við skýrslugerð í því mati þar sem þarf að taka tillit til persónuverndar.

6 Aðgerðir og framkvæmd

Innra mat hefur hvorki upphaf né endi heldur er sífellt í gangi (sjá mynd). Þess vegna er mikilvægt að skipta því niður í framkvæmanlegar einingar. Verkefnum hefur verið raðað niður eftir mánuðum.



(Sigurlína Davíðsdóttir, 2013, bls. 152)

Þegar hverjum þætti er lokið er niðurstöðum skilað. Matið er í gangi allt árið, niðurstöðum er því safnað jafnt og þétt yfir veturinn. Í einhverjum tilfellum er mögulegt að bregðast strax við með umbótaáætlun eða annars konar aðferðum. Samantekt á niðurstöðum skólaársins er síðan birt að vori auk

umbótaáætlunar. Heildarniðurstöður og áætlun um umbætur eru birtar á þriggja ára fresti.

6.1 Sjálfsmatsáætlun

Í þessum kafla er grunnur að sjálfsmatsáætlun fyrir skólaárin 2022-2025. Í honum koma fram fastir matsþættir sem mældir eru árlega auk þátta sem mældir eru annað hvert ár. Í viðauka 1 er gerð nánari grein fyrir hverjum matsþætti fyrir sig. Þetta nær ekki yfir allt mat í skólanum því áætlanir geta breyst, verkefni bætast við og sum detta út, óvæntar aðstæður geta komið upp o.s.frv. Matsteymi hefur sett fram sjálfsmatsáætlun um framkvæmd innra mats ár hvert.

Sjálfsmatsáætlun Álfhólsskóla		
Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Ágúst	<ul style="list-style-type: none"> Kynning á matsáætlun Mat á kynningarfundum fyrir foreldra í 1., 5. og 8. bekk 	<ul style="list-style-type: none"> Matsteymi Deildarstjóri stigs
September	<ul style="list-style-type: none"> Útgáfa og lokayfirferð skólanámsskrár og starfsáætlunar Útgáfa kennsluáætlana/námsslota hvers árgangs/hvorrar námsgreinar og mat á þeim Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. - 10. bekk Skólamenningarfundir í 1.-10.bekk 	<ul style="list-style-type: none"> Skólastjórnendur Kennarar/skólastjórnendur Starfsmaður á bókasafni Stjórnendur/umsjónarkennarar ÖSE teymi
Október	<ul style="list-style-type: none"> Tengslakannanir Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. - 10. bekk Skólamenningarkönnun 6.-10. bekkur Mat á kennslu hefst 	<ul style="list-style-type: none"> Umsjónarkennarar Starfsmaður á bókasafni Skólastjórnendur
Nóvember	<ul style="list-style-type: none"> Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. - 10. bekk 	<ul style="list-style-type: none"> Starfsmaður á bókasafni
Desember	<ul style="list-style-type: none"> Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. - 10. bekk 	<ul style="list-style-type: none"> Starfsmaður á bókasafni
Janúar	<ul style="list-style-type: none"> Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. - 10. bekk Mat á framboði valgreina, samráð við 9. og 10. bekk um valgreinar o.fl. Samantekt á niðurstöðum nemendakönnunar haustannar (Skólapúlsinn) 	<ul style="list-style-type: none"> Starfsmaður á bókasafni Aðstoðarskólastjóri Matsteymi

Febrúar	<ul style="list-style-type: none"> ● Matsfundur í skólaráði ● Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. - 10. bekk ● Skólapúlsinn - Foreldrakönnun 2022 og 2024 ● Starfsmannasamtöl (jan. – apríl) 	<ul style="list-style-type: none"> ● Skólastjóri ● Starfsmaður á bókasafni ● Deildarstjóri verkefna ● Skólastjórnendur
Mars	<ul style="list-style-type: none"> ● Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. - 10. bekk ● Skólapúlsinn Starfsmannakönnun 2023 	<ul style="list-style-type: none"> ● Starfsmaður á bókasafni ● Deildarstjóri verkefna
Apríl	<ul style="list-style-type: none"> ● Mat á skólanámskrá og kennsluáætlunum skv. viðmiðum hefjast ● Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. - 10. bekk ● Stefnumótunardagur 	<ul style="list-style-type: none"> ● Kennarar/stjórnendur ● Starfsmaður á bókasafni ● Matsteymi
Maí	<ul style="list-style-type: none"> ● Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. - 10. bekk 	<ul style="list-style-type: none"> ● Starfsmaður á bókasafni
Júní	<ul style="list-style-type: none"> ● Yfirferð áætlana ● Samantekt matsteymis um innra mat, skýrsla 	<ul style="list-style-type: none"> ● Skólastjórnendur ● Matsteymi/stjórnendur

6.2 Sérverkefni skóla

Mat á sérverkefnum skóla fer fram með reglubundum hætti. Þar geta komið inn verkefni eins og heilsueflandi grunnskóli, grænfána verkefni, læsisstefna o.s.frv. Teymin sem hafa umsjón með verkefnum sjá einnig um mat á þeim í samvinnu við matsteymi skólans. Fjöldi verkefna getur verið mismikill frá ári til árs.

6.3 Aðrar kannanir

Til viðbótar skipulögðum könnunum á vegum skólans bætast stundum við kannanir sem lagðar eru fyrir af Menntamálastofnun, s.s Talis og Pisa, meistara- og doktorsnemum o.s.frv.

Einnig eru árlega kannanir frá Rannsókn og greiningu að ósk Kópavogsbæjar. Um er að ræða tvenns konar kannanir sem báðar eru lagðar fyrir á vorönn hvers árs:

1. Hagir og líðan nemenda í 6. 8. og 10. bekk
2. Vímuefnaneysla ungs fólks.

Niðurstöður allra kannana og greining á þeim eru kynntar þeim hagsmunaaðilum sem við á og settar í sjálfsmatskýrslu að vori.

6.4 Skimanir stoðþjónustu

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri halda utan um stoðþjónustu skólans. Í samvinnu við deildarstjóra og sérkennara hefur verið settur upp listi yfir skimunarpróf til að fylgjast með framvindu náms og til að finna nemendur sem eiga við námserfiðleika að etja. Yfirlit yfir skimunarprófin má sjá í töflunni hér að neðan.

Tilgangur þessara skimana er að kanna stöðu nemenda, finna þá nemendur sem skera sig úr og gætu verið í áhættuhópi vegna námserfiðleika og kanna hvort það hafi orðið framfarir hjá nemendum. Deildarstjórar bera ábyrgð á þessu verkefni og horfa til viðmiða sem sett eru með hverju skimunarprófi og unnið úr niðurstöðum.

Skimunarpróf

Árgangur	Próf og skimanir	Ábyrgur
1.bekkur	<ul style="list-style-type: none"> ● Stafakannanir ● Leið til læsis ● Lesferill: Lesfimi, sjónrænn orðaforði, nefnuhraði, orðaleysur 	Umsjónarkennarar, deildarstjóri og hjúkrunarfræðingur
2.bekkur	<ul style="list-style-type: none"> ● Lesfimi ● Stöðluð stafsetningarskimun ● Stafakönnun ● Lesferill: Lesfimi, sjónrænn orðaforði, nefnuhraði, orðaleysur 	Umsjónarkennarar og deildarstjóri
3.bekkur	<ul style="list-style-type: none"> ● Lesferill: Lesfimi, sjónrænn orðaforði, nefnuhraði, orðaleysur ● Logos: Lesskimun, eftir þörfum ● Stafsetningarskimun ● Orðarún 3.1 og 3.2: Lesskilningur 	Umsjónarkennarar og deildarstjórar
4.bekkur	<ul style="list-style-type: none"> ● Lesferill: Lesfimi, sjónrænn orðaforði, nefnuhraði, orðaleysur ● Orðrarún 4.1 og 4.2: Lesskilningur 	Umsjónarkennarar og deildarstjórar

5.bekkur	<ul style="list-style-type: none"> • Lesferill: Lesfimi, sjónrænn orðaforði, nefnuhraði, orðaleysur • Orðarún 5.1 og 5.2: Lesskilningur • Staðlað stafsetningarpróf 	Umsjónarkennarar og deildarstjórar
6.bekkur	<ul style="list-style-type: none"> • Lesferill: Lesfimi, sjónrænn orðaforði, nefnuhraði, orðaleysur • Orðarún 6.1 og 6.2: Lesskilningspróf • Staðlað stafsetningarpróf • Logos: Lesskimun eftir þörfum 	Umsjónarkennarar og deildarstjórar
7.bekkur	<ul style="list-style-type: none"> • Lesferill: Lesfimi, sjónrænn orðaforði, nefnuhraði, orðaleysur • Orðarún 7.1 og 7.2: Lesskilningspróf • Staðlað stafsetningarpróf 	Umsjónarkennarar og deildarstjórar
8.bekkur	<ul style="list-style-type: none"> • Lesferill: Lesfimi, sjónrænn orðaforði, nefnuhraði, orðaleysur • Orðarún 8.1 og 8.2: Lesskilningspróf • Staðlað stafsetningarpróf. GRP 14. 	Umsjónarkennarar, íslenskukennarar og deildarstjórar
9.bekkur	<ul style="list-style-type: none"> • Lesferill: Lesfimi, sjónrænn orðaforði, nefnuhraði, orðaleysur • Logos: Lesskimun eftir þörfum • Staðlað stafsetningarpróf 	Umsjónarkennarar, íslenskukennarar og deildarstjórar
10.bekkur	<ul style="list-style-type: none"> • Lesferill: Lesfimi, sjónrænn orðaforði, nefnuhraði, orðaleysur 	Umsjónarkennarar, íslenskukennarar og deildarstjórar

Stjórnendur, kennarar og stoðþjónusta meta niðurstöður námsmats og skimunarprófa, hvað gengur vel og hvað má betur fara. Það er hlutverk stoðþjónustu að sinna þeim nemendum sem sýna litlar framfarir og árangur.

7 Lokaorð

Eins og fram kemur í inngangi þá er megin áherslan með þessari áætlun að leggja grunn að sívirknu umbótastarfi í Álfhólsskóla með nemendum að leiðarljósi.

Aðal áhersla í skólastarfi er kennsla, undirbúningur, skólaþróun, starfsþróun og að sinna nemendum. Við gerð áætlunarinnar var horft til þessara áhersluþátta. Markmiðið er að virkja kennarana í matinu, án þess þó að íþyngja þeim.

Með matinu er horft til þess að skólinn stefnir á að ná eigin markmiðum og bæta innra starf sitt. Við viljum horfa til framfara og meta út frá eigin viðmiðum og gleyma því ekki að horfa á það sem vel gengur í skólanum og styrkja þá þætti.

Skólastarf er í stöðugri þróun og er það vegna breytinga á umhverfi skóla, vegna tækniþróunar, stefnu löggjafans og eftirlitsaðilans, vegna breyttra áherslna, breyttra viðhorfa í samfélaginu, vegna ólíkra nemenda og svo má lengi telja. Sjálfsmatið þarf að þróast eins og annað starf skólans og mikilvægt er að meta ávallt það sem skólinn er að gera. Sjálfsmat er hringferli og tekur aldrei enda og er því í stöðugri þróun.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013 /201

Anna Kristín Sigurðardóttir. (2013). *Skóli sem lærdómssamfélag*. [School as a professional learning community]. In Rúnar Sigbórsson, Rósa Eggertsdóttir & Guðmundur Heiðar Frímansson (eds). *Skólastarf í ljósi fagmennsku* [Professionalism and school practices]. pp. 35–54. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Anna Kristín Sigurðardóttir. (2010). *Professional learning community in relation to school effectiveness*. *Scandinavian Journal of Educational Research*. 54/5, 395–412.

Anna Ólafsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir. (2013). Notkun blandaðra aðferða í rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna*, 393-402. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Berliner, D. C. (2002). Educational research: The hardest science of all. *Educational Researchers*, 31 (8), 18-20.

Black, P. og Wiliam, D. (2009). Developing a Theory of formative assessment í *Educational Assessment. Evaluation and Accountability* 21:5.

Darling-Hammond, L., Wei, R. C. Andree, A. Richardson, N. og Orpjanos, S. (2009). Professional learning in the learning profession: A status report on teacher development in the United States and abroad. Stanford, CA: National Staff Development Council and the School Redesign network at Stanford University

Lög um grunnskólanr. 91/2008.

Murrey, J. (2014). *Designing and Implementing Effective Professional Learning*. Thousand Oaks, CA: Corwin Press.

Ragnheiður Harpa Arnarsdóttir. (2013). Meginlegar rannsóknir: Gerð rannsóknaráætlunar og yfirlit yfir helstu rannsóknarsnið. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls.377-393). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Reglugerð um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald nr. 658/2009.

Sigríður Halldórsdóttir og Ragnheiður Harpa Arnardóttir (2013). Yfirlit yfir rannsóknarferlið. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði*

rannsóknna (bls. 61-69). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Sigurlína Davíðsdóttir, Auður Pálsdóttir, Björk Ólafsdóttir, Halldóra Pétursdóttir, Helga Dís Sigurðardóttir, Ólafur H. Jóhannsson og Sigríður Sigurðardóttir. (2011). Leiðbeiningar um innra mat skóla. Sótt af

<https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/6905/Lei%C3%B0beiningar-um-innra-mat-uppsett-loka%C3%BAtg%C3%A1fa.pdf?sequence=1>

Sigurlína Davíðsdóttir.(2013). Mat á skólastarfi, handbók um matsfræði. Reykjavík, Hólar.

Webster-Wright, A. (2009). Reframing professional development through understanding authentic professional learning. Review of Educational Research, 79, 702-739.